

Fljótsdalshreppur
Helgi Gíslason
Végarði
701 Egilsstaðir

Reykjavík, 21. júní 2022
UST202205-187/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Frístundabyggð – Víðivellir ytri I í Fljótsdalshreppi

Vísað er til erindis sveitarstjóra Fljótsdalshrepps er barst 13. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Víðivelli ytri I í Fljótsdalshreppi.

Í greinargerð kemur fram að stærð deiliskipulagssvæðisins er um 19,4 ha og lóðirnar eru 11. Á hverri lóð er heimilt að byggja allt að 150 m² hús og auk þess er leyft að byggja gestahús og/eða geymslu, allt að 50 m² hvort um sig, svo stærðin í heild skal ekki vera meiri en 200 m². Hús skulu vera einnar eða tveggja hæða. Öll hús á skipulagssvæðinu skulu falla vel að landinu og hús neðar í landinu mega ekki skerða útsýni af þeim lóðum sem eru ofar. Þrjú bílastæði skulu vera á hverri lóð.

Forsendur og aðalskipulag

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé ítarlegra um birkiskóginn á skipulagssvæðinu í greinargerð. Samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er á svæðinu náttúrulegur birkiskógur sem er 3-5 metrar á hæð. Skilgreining á birkiskógi er að trén, sem skógurinn samanstendur af, sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta.¹

Auk þess þarf að fjalla betur um vernd birkiskógarins í tillögunni og hvernig vernd birkiskógarins sé í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulags sveitarfélagsins.

Náttúruskógar

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvernig tillagan tekur tillit til ákvæða laganna.

¹ <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð er vitnað í Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar.

Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvort skógurinn falli undir ákvæðið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hans sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á birkiskógi sem fellur undir ákvæðið, þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruverndarinnar sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur